

118/01 - Þorsteinn GK 16

Þorsteinn GK 16, skipverji slasast er hann verður fyrir toghlera

Þorsteinn GK 16

Skipaskr.nr.: 1159

Smíðaður: Ísafirði 1971 Stál

Stærð: 138,00 brl; 209,00 bt

Lengd: 30,92 m **Breidd:** 6,70 m **Dýpt:** 5,65 m

Vél: Caterpillar 526,00 kW **Árgerð:** 1986

Annað:

Földi skipverja: 9



Atvikalýsing

Hinn 26. október 2001 var Þorsteinn GK 16 á togveiðum (botnvörpu) 60 sml. NV af Snæfellsnesi. Veður: NA 13-16 m/sek og slæmt í sjó.

Um kl. 13:00 þegar trollið var híft þurfti að taka það inn fyrir til að laga benslið á fiskilínunni. Á meðan þetta var gert var bátinum haldið upp í veðrið. Hlerarnir slógust svolítið til og áður en tekist hafði að festa þá, slóst bakb. hlerinn í bak eins skipverjans og féll hann í dekkið. Skipverjinn kvartaði undan verkjum í bakinu og átti erfitt með að standa í fæturna.

Haft var samband við lækni og í framhaldi af því ákveðið að sigla með hann til hafnar á Rífi. Við skoðun kom í ljós að skipverjinn hafði brákaðann þriðja hryggjalið.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.